



SKÝRSLA FORMANNS

Eins leiðinlegt og það er að segja það þá hefur starfsárið 2022-2023 verið áfram litað af heimsfaraldri, þó ekki á sama hátt og undanfarin ár. Margir viðburðir ÆSKP höfðu ekki náð sér á skrið og þátttaka í viðburðum ekki komið á fullt eftir covid.

JANÚARNÁMSKEIÐ

Námskeiðið hafði verið skipulagt og var stefnan á að eyða saman helgi á hóteli fyrir utan bæinn eins og hafði gefist svo vel um árið þegar við vorum með námskeiðið og eins konar árshátíð í Borgarnesi. Þarna var covid enn þá í fullu gangi og voru aðgerðir hertar í kring um jól og þess vegna var ákveðið að fresta námskeiðinu um óákveðinn tíma. Því miður vegna aðstæðna hjá félaginu var námskeiðið ekki haldið í ár.

Jónína framkvæmdarstjórinn okkar var áfram í fæðingarorlofi og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir var ráðin í afleysingu fyrir hana. Í janúar 2022 sagði Jóhanna upp þar sem að henni bauðst full vinna á öðrum vettvangi. Við þökkum Jóhönnu fyrir þann tíma sem að hún gegndi starfi framkvæmdastjóra ÆSKP.

Stjórn ákvað að geyma það aðeins að auglýsa eða finna nýjan framkvæmdarstjóra þar sem að starfið væri ekki sérlega heillandi fyrir neinn, 60% staða í örfáa mánuði, þar sem að alltaf lá fyrir að Jónína kæmi til baka í byrjun nóvember. Undirrituð og Anna Lilja gjaldkeri ÆSKP tóku að sér þau daglegu samskipti og verkefni sem að framkvæmdastjóri vanalega þarf að sinna á meðan óákveðið var hvernig málin yrðu leyst. Það voru ekki mörg verkefni fram undan þar sem að Jóhanna kláraði aðalfund með okkur áður en hún hvarf til annara starfa. Í maí var Sigurður Óskar Óskarsson ráðinn inn sem verkefnisstjóri yfir Gleðigöngunni og Landsmóti ÆSKP, það þótti betri lausn en að ráða hann inn sem framkvæmdarstjóra að svo stöddu.

GLEÐIGANGAN

Undirbúningur fyrir gleðigönguna gekk vel, en ákveðið var að vera ekki með sérstakt þema í göngunni þetta árið heldur að einbeita athyglinni að því frekar að fá fleiri til þess að taka þátt og ganga með okkur og sýna málefninu stuðning.

LANDSMÓT ÆSKP

Það stóð lengi til að halda landsmót, skipulagning gekk brösuglega og það verður að segjast eins og er að svona mót verður ekki til nema að allir sem að því koma séu tilbúnir að gefa sér tíma og vinnu í að skipuleggja það. Þegar komið var fram í ágúst var augljóst að það væri ekki samstarfsvettvangur innan stjórnar og með verkefnastjóra og því ekki gerlegt að halda mótið. Var þá tekin sú erfiða ákvörðun og halda ekki landsmót þetta árið og var það þá í fyrsta skipti sem enginn vísir af landsmóti var haldinn. Þessi ákvörðun var stjórn mjög erfið en ákveðið var að það væri alls ekki sanngjarnt fyrir þátttakendur í starfinu að landsmót yrði haldið af hálfum hug og ekki undir þeim staðli sem að við viljum að mótið sé. Það var ekki áhugi hvorki innan stjórnar eða landsmótsnefndar til að fara í vinnu við að halda live landsmót 3 árið í röð. Það var ákveðið að eftir að aðildarfélög sóttu um styrki fyrir minni mótum að veita þá, til þess að komast á móts við þau vegna skorts á móti. Það verður mikið gleði efni þegar að landsmót verður loksins haldið 2024 eftir lang og leiðinlegt hlé.

Mig langar að enda þessa skýrslu á að þakka þeim sem að tóku virkann þátt í starfi stjórnar og viðburðum félagsins á árinu. Þetta var erfitt ár sem enginn gat séð fyrir fram. Ég vil einnig þakka ÆSKP fyrir öll þau tækifæri sem ég hef fengið að upplifa og viðburðum sem ég hef fengið að taka þátt í og stýra. Núna er komið að leiðarlokum í bili og hlakka ég til að fá að fylgjast áfram með félaginu á hliðarlínunni. Aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér og hvort leiðir okkar liggi aftur saman.

Berglind Hönnudóttir

Formaður ÆSKP